

REGLUGERÐ
um (2.) breytingu á reglugerð nr. 144/2022, um stuðning við sauðfjárrækt.

1. gr.
Við 23. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsl. svohljóðandi:
Þá eru fjármunir vegna ónýtttra beingreiðslna nýttir í fjárfestingarstuðning.

2. gr.
Í stað tölunnar „20%“ í 1. málsl. 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar kemur: 40%.

3. gr.
Tafla í 2. mgr. 29. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Fjöldi vetrarfóðraðra kinda á búinu	Stuðull
101-200	0,7
201-300	2,1
301-400	2,7
401-500	3,0
501-600	3,5
601-700	4,0
701-800	4,5
801 og fleiri	5,0

4. gr.
Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búvörulögum nr. 99/1993. Reglugerðin öðlast þegar gildi, nema ákvæði 3. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2025.

Matvælaráðuneytinu, 12. nóvember 2024.

Bjarni Benediktsson.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.